



Helstu niðurstöður Hringþings - Menntun barna af erlendum uppruna og og áskoranir í kjölfar löggildingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Guðni Ólgeirsson, sérfræðingur,
mennta- og menningarmálaráðuneyti

Grand hótél 19. sept. 2013

Morgunverðarfundur um
Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna



HRINGÞING



Hringþing um menntamál innflytjenda á öllum skólastigum 14. sept. 2012

- Skapa samræðuvettvang þeirra sem koma að menntamálum innflytjenda
- Draga fram stöðuna í menntamálum innflytjenda á öllum skólastigum
- Kalla eftir forgangsröðun verkefna í þróun menntunar innflytjenda
- Fá kynningar á fyrirmyndarverkefnum í námi og kennslu innflytjenda á öllum skólastigum
- Greina forgangsverkefni fyrir væntanlega framkvæmdaáætlun ríkis og sveitarfélaga

Að þinginu stóðu: Innflytjendaráð, velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmála-ráðuneytið, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur-borgar, Fjölmenningarsetur, Tungumálatorg, Háskóli Íslands, Þjónustumiðstöð Breiðholts og Samband íslenskra sveitarfélaga.



Álitamál til umræðu á Hringþingi um menntamál innflytjenda 14. sept. 2012

- Á Hringþingi var málstofa á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um helstu álitamál í tengslum við menntamál innflytjenda á öllum skólastigum, stöðuna og mikilvægar aðgerðir
- 29 álitamál sett fram til umræðu
- Um 250 þátttakendur úr öllum áttum
- Miklar væntingar um aðgerðir
- Kröftugar umræður, fjöldamargar tillögur
- Yfirlit yfir álitamálin aðgengilegt á tungumálatorgi (www.tungumalatorg.is)





Ný skýrsla Fjölmenningarseturs um erlenda ríkisborgara og innflytjendur

- Frá aldamótum hefur fjöldi leikskólabarna með erlent ríkisfang sjöfaldast.
- Ellefu af hundraði leikskólabarna eru með erlent móðurmál.




- Fjöldi barna með erlent móðurmál í grunnskólum landsins hefur sjöfaldast frá árinu 2007.
- Í dag eru þau 6% allra grunnskólabarna, 2.663 talsins.



- Um 80% barna með innflytjendabakgrunn hófu nám í framhaldsskóla árið 2010 samanborið við 96% barna með engan erlendan bakgrunn.
- Hlutfallslega klára mun færri innflytjendur framhaldsskólanám en íslenskir jafnaldrar þeirra.
- Haustið 2013. 98% hófu nám og líklega meira en 90% barna með innflytjendabakgrunn.



Skólasókn nemenda, fæddir 1991



Mynd 30 Skólasókn nemenda, fæddir 1991. Heimild:
Hagstofa Íslands 2011 og menntamálaráðuneytið 2011



Hvað segir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um menntun barna?

- **28. gr.**
- a) Koma á skyldu til ókeypis grunnmenntunar.
- b) Stuðla að þróun ýmiss konar framhaldsmenntunar, veita öllum börnum kost á að njóta hennar.
- c) Veita öllum kost á æðri menntun eftir hæfileikum, með hverjum þeim ráðum sem við eiga.
- d) Sjá til þess að upplýsingar og ráðgjöf um nám og starfsval séu fyrir hendi og aðgengilegar öllum börnum.
- e) **Gera ráðstafanir til að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr því að nemendur hverfi frá námi.**



Hvað segir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um menntun og virðingu?

- 29. gr.

1. Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að:

*c) Móta með því **virðingu** fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.*



Hvað segir Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna um minnihlutahópa?

- **30. gr.**

Í ríkjum þar sem minnihlutahópar hafa myndast vegna sérstakra þjóðháttá, trúarbragða eða tungumála, eða þar sem frumbyggjar eru, skal barni sem heyrir til slíks hóps ekki meinað að njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú, og nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum.



Nokkur tilmæli Barnaréttarnefndar

Sameinuðu þjóðanna 2011

- Tilmæli um miðlun, vitundarvakningu og fræðslu
- **23. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið felli réttindi barnsins inn í skólanámsskrár. Einnig mælist nefndin til eflingar á fullnægjandi og skipulegri þjálfun allra faghópa sem starfa í þágu og með börnum, einkum löggæslustarfsmanna, kennara, heilbrigðisstarfsfólks, félagsráðgjafa og starfsfólks í hvers kyns umsjá utan fjölskyldu.**



Tilmæli um virðingu fyrir sjónarmiðum barnsins

- **29. Í ljósi almennrar athugasemdar nefndarinnar nr. 12 (2009) um rétt barnsins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri mælist nefndin til þess að aðildarríkið setji reglugerðir um starfsemi, hlutverk og umboð ungmennaráða og tryggi að tillit verði tekið til sjónarmiða barna fyrir dómstólum, í skólum og í stjórnarsýslu- og öðrum ferlum sem varða börn, sem og á heimilum, þ.m.t. barna með fötlun, barna innflytjenda og annarra barna sem eru í viðkvæmri aðstöðu.**



Tilmæli um menntun

- (a) Geri nauðsynlegar ráðstafanir til að mæta þörfum barna með sérþarfir, þ.m.t. með fræðslu kennara sem vinna með börnum með sérþarfir, m.a. fötlun;
- (b) Bæti þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar gegn öllum formum eineltis og áreitni með því að bæta skólareglur um slæma hegðun og auka hæfni kennara, allra starfsmanna í skólum og nemenda til að viðurkenna fjölbreytni og leysa úr deilum;
- (c) **Efli ráðstafanir gegn brottfalli innflytjendabarna úr framhaldsskólum.**



Tilmæli frá ECRI, Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi

- ECRI mælir með því að íslensk stjórnvöld bjóði nemendum, sem eru með annað móðurmál en íslensku, upp á aukin tækifæri til að læra íslensku sem annað tungumál á öllum skólastigum, einkum á framhaldsskólastigi.
- Samhliða hvetur ECRI íslensk stjórnvöld til að bjóða nemendum sem eru með annað móðurmál en íslensku upp á aukna kennslu í sínu eigin tungumáli.



Samstarf um mótun stefnu





Skólakerfi

Leikskóli

Grunnskóli

Framhalds-
skóli

Heildarsýn og samfella í námi




SAMEIGINLEGUR INNGANGUR FYRIR AÐALNÁMSKRÁ LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRAMHALDSSKÓLA

- HLUTVERK AÐALNÁMSKRÁR
- Meginmarkmið skólastarfs. Um nýja menntastefnu
- Grunnþættir menntunar
- Hæfniviðmið og lykilhæfni
- Námsmat og mat á skólastarfi

Samfella og heildarsýn



Grunnþættir menntunar í aðalnámskrám





Í kjölfar hringþings 2012 um menntamál innflytjenda

- Innflytjendaráð vann úr niðurstöðum Hringþings með aðstoð undirbúningshópsins sem skipulagði þingið
- Boðað var til umræðu um tiltekin lykilatriði, t.d. móðurmál og framhaldsskólann
- Fjórir morgunverðarfundir um einstaka þætti
- Víðtækt samstarf um útfærsluna
- Almenn stefnumótun og aðgerðaáætlun innflytjendaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytis til næstu ára
- Ný aðalnámskrá grunnskóla, greinahluti vorið 2013.
- Sjá nánar um Hringþing: **tungumalatorg.is/hringthing**



Fjórir morgunverðarfundir

- Öflug náms- og starfsfræðsla, brú milli grunn- og framhaldsskóla og leiðir til að tryggja aðgengi innflytjenda að fjölbreyttu framhaldsskólanámi og vinna gegn brotthvarfi. (Um 50 manns)
- Virkt tvítyngi - íslenskukennsla fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og móðurmálskennsla nemenda af erlendum uppruna (Um 70 manns)
- Góð menntun er gulls ígildi - Innflytjendur með takmarkaða formlega menntun (um 30 manns)
- Þjónusta sérfræðinga við nemendur með íslensku sem annað tungumál, (um 50 manns)



Menntun innflytjendabarna- ýmsar áskoranir- greining Hringþings

- Mikil gróska er í menntun innflytjenda á öllum stigum
- Auka ætti samvinnu milli skólastiga um þróun kennsluhátta, námsframboð og starfsþróun kennara.
- Efla kennsluráðgjöf og stuðning á öllum skólastigum og náms- og starfsráðgjöf. Félag kennsluráðgjafa á öllum skólastigum hefur verið stofnað.
- Þróa betur íslenskukennsluna á öllum stigum.
- Vantar samræmda stefnu um móðurmálskennslu og mat og viðurkenningu á móðurmáli, en mikill áhugi er á frekari þróun á því sviði. Félagið Móðurmál.
- Efla Tungumálatorgið og upplýsingar um ýmis þróunarverkefni



Fleiri áskoranir

- Samhæfa betur þjónustu menntakerfisins við innflytjendur
- Setja aðgerðaáætlun af hálfu stjórnvalda í samstarfi við hagsmunaaðila til að byggja upp heildstæða menntun og þjónustu við sívaxandi hóp innflytjenda á öllum skólastigum
- Hvetja fleiri framhaldsskóla til að taka við nemendum með fjölbreyttu námsframboði og draga úr brottfalli
- Stuðla með raunhæfum aðgerðum að virku tvítyngi með stuðningi við móðurmálskenndu og foreldra



Til umhugsunar

- Hvað er raunhæft að gera við núverandi aðstæður til að bæta þjónustu barna með annað móðurmál en íslensku í skólakerfinu- í ljósi lögfestingar Barnasáttmálans?
- Hvernig er æskilegast að byggja upp móðurmálskenndu á öllum skólastigum í samræmi við Barnasáttmála?
- Hvernig er hægt að hækka hlutfall þeirra sem innritast í framhaldsskóla og jafnframt draga úr brottfalli nemenda?
- Hvernig er hægt að tryggja virka þátttöku barna af erlendum uppruna í ungmennaráðum og nemendaráðum?
- **Börn eiga að lifa Barnasáttmálann og njóta bernskunnar.**



1.11.2013